

|            |                                      |
|------------|--------------------------------------|
| Tillaga    | A 1933/UVU                           |
| Afgreiðsla | Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin |
| Fylgiskjöl | Engin fylgiskjöl                     |

## Nefndarálit um þingmannatillögu um stafræna útilokun

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki ákvörðun um að vísa frá þingmannatillögu norrænna vinstri grænna um stafræna útilokun.

### Forsendur

Þátttaka á tímum stafrænnar tækni

Stafræn þróun hefur áhrif á okkur öll. Norðurlönd eru meðal þeirra ríkja Evrópu sem komin eru lengst í stafrænni þróun. Flestir íbúar landanna hafa góða stafræna færni. Almennigur ræður við að afla sér rafrænna upplýsinga sem eru fyrir hendi.

Stafræn færni er forsenda þess að geta sinnt vinnu, stundað nám og tekið þátt í samfélaginu, til að mynda hvernig við sjáum um fjármál okkar, eigum samskipti við heilbrigðiskerfið og aðrar opinberar stofnanir og ræktum félagsleg tengsl.

Stafræn færni snýst um að geta nýtt sér stafræna tækni. Tæknibreytingar og aukin stafræn væðing krefjast þekkingar, færni og skilnings. Til þess að ráða við daglegt líf í stafrænu umhverfi er mikilvægt að kunna á upplýsingatæknibúnað, átta sig á og rata um vefinn, nota aðgerðir á hinum ýmsum vefsíðum og þroska stafræna dómgreind.

Um leið og stafræn þróun verður æ hraðari á Norðurlöndum verða afleiðingar þess að dragast aftur úr þróuninni víðtækari.

Hver eru stafrænt ólæs?

Samkvæmt nýrri norskri rannsókn er það lágtekjufólk, eldri borgarar og fólk utan vinnumarkaðar sem verður fyrir stafrænni útilokun. Ástæða er til að draga þá ályktun að ástandið sé svipað annars staðar á Norðurlöndum. Þá er blindum, sjónskertum og fólki með fötlun sérlega hætt við að verða utanveltu á þessu sviði.

Hvers vegna er stafræn útilokun þjóðfélagsvandi?

Bilið eykst stöðugt milli fólks sem er stafrænt læst og hinna sem standa fyrir utan stafrænt samfélag. Opinber velferðarþjónusta á að vera aðgengileg öllum. Það er samfélagsvandi ef opinber þjónusta, félagslegir viðburðir og lýðræðisþátttaka er ekki öllum aðgengileg.



Nauðsynlegt er að beina sjónum að inngildingu fólks sem á erfitt með að nota stafrænar lausnir til þess að við getum öll notið sömu tækifæra og haft jafnan aðgang að mikilvægum vettvöngum og tilboðum, þar á meðal opinberum stofnunum, orkuveitum, bönkum og tryggingafélögum.

Stafræn þróun getur hindrað lýðræðisþátttöku.

Borgarþátttaka felur í sér að komið sé fram við alla íbúa sem jafngilda samfélagsþegna. Að öll hafi jafnan aðgang að velferðarþjónustu og sama tækifæri til að greiða atkvæði í kosningum. Tækni getur stuðlað að því að fleiri geti tekið þátt í lýðræðisstarfi en jafnframt orðið þess valdandi að sumt fólk verði út undan. Stafræn útilokun getur ógnað tjáningarfrelsi. Opinber umræða og fréttamiðlun fer í auknum mæli fram á netinu.

Stafræn þróun er veigamikill þáttur í þróun samfélagsins og hagræðingu hvarvetna á Norðurlöndum en tryggja verður að ekki myndist ný stéttaskipting milli fólks sem hefur aðgang að stafrænum lausnum og getur nýtt sér þær og hinna sem geta það ekki.

Áskoranirnar eru margslungnar á öllum Norðurlöndum og því vill nefndin setja á laggirnar norrænt tengslanet um stafræna inngildingu.

## **Sjónarmið nefndarinnar**

Fyrsta afgreiðsla tillögunnar fór fram á fundi nefndarinnar í Helsinki 1. nóvember 2022.

Nefndin ákvað að halda áfram með tillöguna og fól skrifstofunni að semja nefndarálit með þeim breytingum sem nefndin kom sér saman um á fundinum (tillöguliðir 1 og 2 voru felldir niður).

Varðandi fyrsta tillöguliðinn taldi nefndin að Norræna ráðherranefndin hefði þegar staðið að greiningu og kortlagningu, „Monitoring Digital inclusion in the Nordic Baltic region“ (sjá <https://pub.norden.org/nord2022-007/>)

Því var ákveðið að bjóða ráðherranefndinni á fund til að fá nánari kynningu á niðurstöðum skýrslunnar. Norræna ráðherranefndin um stafræna væðingu (MR-DIGITAL) mætti á fund nefndarinnar í Reykjavík 14. mars 2023 og greindi þá meðal annars frá skýrslunni og niðurstöðum hennar.

Varðandi annan tillöguliðinn um að gera norræna framkvæmdaáætlun þá taldi nefndin að það væri mál hvers lands fyrir sig að ákveða slíkt og fylgja því eftir.



Nefndin taldi hins vegar að koma ætti á norrænu tengslaneti til að skiptast á þekkingu og reynslu út frá niðurstöðum skýrslunnar og framkvæmdaáætlunum landanna.

Á fundi hagvaxtar- og þróunarnefndar 5. september greindi samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar um stafræna væðingu frá því að sett hefði verið á laggirnar norrænt tengslanet um stafræna inngildingu sem hefði tekið til starfa í júní 2023. Með hliðsjón af framangreindu leggur norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin til að Norðurlandaráð vísi frá þingmannatillögu norrænna vinstri grænna.

Ósló, 31. október 2023

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*  
*Hans Christian Schmidt (V)*  
*Mikael Lindholm (ÅC)*  
*Markku Siponen (cent)*  
*Solveig Vitanza (A)*  
*Mats Wiking (S)*  
*Jani Kokko (sd)*  
*Malin Larsson (S)*

*Ann-Sofie Alm (M)*  
*John E. Weinerhall (M)*  
*Liv Kari Eskeland (H)*  
*Erling Eidesgaard (T)*  
*Orrri Páll Jóhannsson (VG)*  
*Ann-Christine From Utterstedt (SD)*  
*Minna Reijonen (saf)*